

# HÖNNUN ER MENNING

MÓT, stærsta hönnunar-sýning sem hefur verið haldin hér á landi, stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR leit á sýninguna og spjallaði við nokkra aðstandendur hennar.

**H**ÖNNUNARSÝNING sem ber yfirskriftina MÓT hefur verið opnuð á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni, sem er á vegum FORM ÍSLAND og Kjarvalsstaða í samvinnu við Reykjavík – menningarborg árið 2000, er skyggst inn í hönnun 21. aldarinnar, auk þess sem íslensk hönnun á síðustu öld verður skoðuð.

Fjöldi hönnuða sýnir verk sín og hugmyndir en hönnun er einn af vaxtarbroddunum í íslensku atvinnulífi og mörgum á eflaust eftir að koma á óvart hvað hönnun snertir mikið okkar daglega líf og hvað möguleikarnir eru óendanlegir. Til þess að gefa einhverja innsýn í fjölbreytnina fékk Morgunblaðið þau Katrínu Pétursdóttur sýningarstjóra, Guðjón Erlendsson arkitekt, Torfa Frans tölvuleikjahönnuð og Tinnu Gunnarsdóttur iðnhönnuð til að segja frá þeim verkum sem þau og þeirra samstarfsmenn eru með á sýningunni. Sýningin er byggð á þremur meginatriðum, hönnuðinum sem einstaklingi, iðnaðarframléiðandannum og sögulegum arfi íslenskrar hönnunar. Þegar sýningarstjórinn, Katrín Pétursdóttir, er spurð hvort til sé eitthvað sem skilgreina má sem sögulegan arf íslenskrar hönnunar svarar hún því til að einn tilgangur sýningarinnar sé að reyna að komast að því.


## Saga hönnunar lítið verið könnuð

„Það leit ekki vel út byrjun,“ segir hún. „Þegar farið var af stað með sýninguna átti að gera sögulega sýningu en það kom í ljós að saga hönnunar á Íslandi hefur sáralítið verið rannsökuð. Það liggur því hvergi fyrir nein saga heldur er leitað til þessa og hins og spurt. Þetta er alger eltingaleikur, þannig að í rauninni er sýningin ekki línuleg sögusýning, heldur voru teknir hlutir frá síðustu öld úr öllum þessum hönnunargeirum, sem skipta miklu máli. Sýningin gengur ekki út á að sýna hvað var notað á íslenskum



Guðjón Erlendsson, arkitekt, Katrín Pétursdóttir, sýningarstjóri, Tinna Gunnarsdóttir, iðnhönnuður og Torfi Frans, tölvuleikjahönnuður.

heimilum heldur eru þetta hlutir sem standa upp úr einhverra hluta vegna. Forsendurnar geta ýmist verið hugmyndafræðilegar eða efnislegar.“ Hvað áttu við með því? „Eitt dæmi sem ég get nefnt er þegar farið var að nota bárujárn hérna. Við höfum verið að leita svolitíð að hönnuðum sem hafa verið á undan sinni samtíð. Það sem hefur komið í ljós er að við eigum vissan arf hérna sem er mjög skemmtilegur og alveg þess virði að draga fram í dagsljósið og hann kemur fram í þessari sýningu. Hér voru vissir menn, toppmenn eins og Dieter Roth sem setti mikið mark á hönnun og myndlist hér á landi. Hann var að gera alls kyns hluti hér í hönnun í kringum 1960, hluti sem eru alveg með ólíkindum. Síðan get ég nefnt Manfred Vilhjálmsson sem vann mikið með Dieter. Þetta eru menn sem hefur ekkert mikið verið hampað.“ Að hvaða leyti voru þeir frumkvöðlar? „Manfred hannaði til dæmis bensínstöð 1955–57, Nesti, sem var á undan sinni samtíð, hvað varðar form og efnisnotkun. Þeir eru einnig frumkvöðlar að því leyti að það er svo mikil rannsókn- og tilraunastarfsemi í kringum þá sem er ekki nóg af hér heima í dag vegna þess að allt er að drukna í kaupþýslu og lítill grundvöllur er fyrir einhverri rannsóknarstarfsemi hér. Fólk gefur sér ekki tíma.“ „Það er ekki heldur metið,“ skýtur Guðjón inn í. „Við erum miklu klárari í að apa eftir nágrönnunum það sem er búið að gera.“ Hvað efni voru ný hjá þeim Dieter og Manfred? „Eitt gott dæmi er baujustóll sem þeir hönnuðu saman fyrir Tónabæ og er gerður úr bauju. Baujan var sett í grind og unglíngarnir gátu sest í þennan stól. Þetta snerist um að nýta hluti sem voru þegar til í stað þess að búa til eitthvað alveg nýtt.“



Ljós, Flora, eftir Karólínu Einarsdóttur.

## Munurinn á handverki og hönnun

En hvað er hönnun? „Í umræðunni er oft óljóst hvað fólk á við með orðinu „hönnun“. Skilin milli tæknimenntaðs fólks og handverksfólks eru augljós en samt ræða báðir hóparnir um hönnun sína og kalla sig jafnvel hönnuði. Handverk er hluti af menningarsögu flestra þjóða. Í mörgum tilfellum hefur handverk þróast í hönnun með tæknivæðingu og markaðssetningu. Það mennta sig margir sérstaklega í handverki eða listiðnaði og hafa atvinnu af því að búa til og selja eigin framleiðslu. Í handverki fara saman hugur og hönd og sá sem kaupir handverk sækist eftir fágæti hlutarins og listgáfu höfundarins.

Hönnun er hins vegar öllu flóknara ferli. Hún gengur út á að finna viðeigandi lausnir á gefnum vandamálum eða viðfangsefnum. Notkun er nær alltaf endapunkturinn í hvers kyns mynd sem það er. Hugmynd, hönnun, framleiðsla, markaðssetning og dreifing er það ferli sem hlutur fer í gegnum á leið sinni til nota og það eru yfirleitt margir sem koma að þessu ferli. Hannaður hlutur höfðar til okkar af ýmsum ástæðum, svo sem vegna notagildis, hagstæðs verðs eða lífsstíls.“

## Bygging og landslag renna saman

Á sýningunni er verk sem Guðjón Erlendsson arkitekt vann í London. Þetta er rannsóknaverkefni í skipulagsaðferðarfræði og er Reykjavík tekin sem tilraunsvæði fyrir verkefnið. Á sýningunni er mynd af hugsanlegu skipulagi sem var útkoman úr verkefningu og

hönnun á byggingu á því svæði. En hverjar eru helstu hugmyndirnar í verkefningu? „Við gengum einkanlega út frá því að tengja flæðanleg kerfi í borginni við þetta nýja svæði sem er Reykjavíkflugvöllur. Hugmyndin var að búa til mjög þétt miðbæjarsvæði sem er sambland af byggð og landslagi.

Flugvöllurinn er fjarlægður og við gerðum lestarstöð á miðju svæði sem er tengd við Keflavíkflugvöll. Þessi lestarstöð er innspýting fyrir svæðið og verður byrjunarpunktur fyrir skipulag á því. Tengt þessari lestarstöð er alþjóðlegt fríverslunarsvæði, sem síðan tengist borginni og alþjóðlegum viðskiptanetum í gegnum Keflavíkflugvöll.“ Bryddið þið upp á einhverjum nýjungum í formi, efni eða litum? Þetta er aðallega spurning um aðferðarfræðina sem við notum, en til þess að gera eitthvað úr henni lítum við aðallega á dreifingu á byggðinni, bæði út frá veðurfræðilegum þáttum og landslagsþáttum. Í byggingunni sjálfri er síðan reynt að blanda mikið saman landslagi og byggingu þannig að þú getur í rauninni ekki séð hvar byggingin endar og landslagið byrjar.“

## Reykjavíkurborg ein verst skipulagða borg í heimi

Guðjón lauk námi í arkitektúr í London og vann síðan í rannsóknahóp sem rannsakaði þessa aðferðarfræði í skipulagi en hvers vegna var Reykjavík valin sem rannsóknaverkefni? „Ástæðan fyrir því að við tókum Reykjavík sem rannsóknardæmi er sú að borgin er eitt af því versta skipulagi sem þekkest í heiminum.



Stóllinn Leó eftir Leó Jóhannsson.